



**Varðandi:** Fjölnotapokar  
**Málsnúmer:** 1703193  
**Dagsetning:** 28. júní 2017

---

**TILLAGA:**

Bæjarráð samþykkir úthlutun fjármuna að fjárhæð kr. 500.000 vegna samstarfsverkefnis við Íþróttabandalag Akraness (ÍA) sem felst í sameiginlegum kaupum á fjölnotapokum sem gefnir yrðu inn á öll heimili og til fyrirtækja á Akranesi. Heildarkostnaður verkefnisins er 1 mkr. sem skiptist á milli Akraneskaupstaðar og ÍA og verða sérstaklega merktir með gildum kaupstaðarins og mottó ÍA „*Að koma saman er byrjun, Að vera saman eru framfarir, Að vinna saman er árangur*“.

Fjármununum, samtals að fjárhæð kr. 500.000 verður ráðstafað af liðnum 20830-4995.

---

**GREINARGERÐ:** Forsaga verkefnisins er sú að fyrir stuttu síðan leitaði Hildur Karen íþróttafulltrúi ÍA til Akraneskaupstaðar og óskaði eftir upplýsingum um fjölnotapoka sem Akraneskaupstaður gaf í jólagjöf hér um árið. Eftir að undirrituð hafði veitt henni upplýsingarnar kom í ljós að ÍA vildi fara þá leið að gefa öllum heimilum fjölnotapoka undir merkjum félagsins. Sú umræða hefur einnig átt sér stað hjá Akraneskaupstað en hugmyndin aldrei orðið að veruleika fyrr en mögulega nú.

Verkefnið er komið á það stig að fyrir liggur verð í fjölnotapoka sem koma frá Kína með milligöngu fyrirtækisins Aros ehf. Um er að ræða 3500 stk. af pokum og kostar pokinn 220 kr. með virðisauka, merktur og kominn til landsins. Lagt er upp með að pokarnir verði gulir og á annarri hlið pokans verði skjaldamerki beggja aðila og á hinn hliðinni gildi Akraneskaupstaðar og mottó ÍA „*Að koma saman er byrjun, Að vera saman eru framfarir, Að vinna saman er árangur*“. Pokarnir eru stórir og rúma vel. Sýnishorn af pokanum verður lagt fram á fundinum.



## Akraneskaupstaður

Heildarkostnaður við framleiðslu er kr. 1.000.000 og er þá búið að reikna með kostnað vegna dreifingar þeirra hér á Akranesi en einnig er gert ráð fyrir að sérstakt upplýsingablað, sem útbúið verður sameiginlega, fylgi hverjum poka.

Kostnaður skiptist jafnt á milli aðila, eða kr. 500.000 á hvorn um sig.

Virðingarfyllt,

---

Sædís Alexía Sigurmundsdóttir,  
verkefnastjóri